

mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, dagsettum 14. janúar 1876, **65**  
14. gr.: 25. júní.

Útflutningastjórunum James & Alexander Allan í Glasgow eða aðalumboðsmanni þeirra hjer á landi, Sigfúsi Eymundssyni, fyrir þeirra hönd, ber að greiða útförum þeim, sem fluttir voru með útflutningaskipinu Camoens frá Borðeyri 23. ágúst f. á. áleiðis til Vesturheims, í skaðabætur 9090 kr.

Jeg skal bæta því við, að jeg hef gjört ráðstöfun til þess, að framangreindar skaðabætur, að frádrögnum 2020 kr., sem þjer borguðuð optnefndum útförum síðastliðið sumar, eða 7070 kr. verði greiddar af veði því, sem Allan-línan hefur sett og geymt er í »Privatbanken« í Kaupmannahöfn.

Brjef landshöfðingja til framkvæmdarstjóra landsbankans um breytingu á **66**  
reglugjörð bankans 5. júní 1886 að því er lánsfrest snertir. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 30. júní.  
21. p. m., hafið þjer, herra framkvæmdarstjóri, í nafni stjórnar landsbankans farið þess á leit, að ákvörðunin í 23. gr. reglugjörðar fyrir landsbankann 5. júní 1886 um að engum veitist lán úr landsbankanum um lengri tíma en 10 ár, verði numin úr gildi, að minnsta kosti fyrst um sinn í 2 ár með því að ákvörðun þessi hafi reynzt mjög svo óhagkvæm, einkum síðan landsbankinn tók við sparisjóði Reykjavíkur, þarsem bankinn hafi neyðst til að láta leggja sjer út hús og jarðir, er að veði hafi verið fyrir lánnum í sparisjóðnum, en hafi átt örðugt með að losast við eignir þessar aptur vegna greindrar ákvörðunar.

Fyrir því skal yður hjer með til vitundar gefið, að jeg veiti bankastjórninni um tveggja ára tíma heimild til að víkja frá ofangreindri ákvörðun 23. greinar í reglugjörð bankans 5. júní 1886 þegar bankastjórninni þykir nauðsyn til bera.

## Ágrip

67

af reikningum sjóða, sem standa undir stjórn amtsráðs suðuramtsins.

*Styrktarsjóður verðugra og þurfandi konungslandseta og elckna þeirra í suðuramtinu 1887.*

	Tekjur.	Kr.	Kr.
1. Eptirstöðvar við árslok 1886:			
a. Ríkisskuldabryef:			
1. Innritunarskírteini Lit. C. Fól. 82, dags. 20. maí 1875 . . . . .		3300,00	
2. Óuppségjanleg ríkisskuldabryef Lit. C. Nr. 281, dags. 10. septbr. 1873 . . . . .	100,00		3400,00
b. Veðskuldabryef einstakra manna . . . . .		300,00	
c. Í peningum hjá reikningshaldara . . . . .		215,36	3915,36
			Flyt 3915,36